

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.
Ársreikningur 2018

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.
Einhleypingi
700 Egilsstaðir

kt. 470605-1110

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Hitaveita Egilsstaða og Fella er einkahlutafélag og sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu á þjónustusvæði sínu.

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Hagnaður varð af rekstri Hitaveitu Egilsstaða og Fella á árinu sem nam 61 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 2.039 millj. kr. í árslok. Eigið fé nam 823 millj. kr. í árslok og er eiginfjárhlutfall félagsins 40%.

Í árslok 2018 nam hlutfé félagsins 433 millj. kr. og breyttist ekki á árinu. Allt hlutfé er í eigu sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs, kt. 481004-3220, eins og í ársbyrjun.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2019 vegna rekstrarársins 2018, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra


Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Hitaveitu Egilsstaða og Fella eru reikningsskil félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2018 og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri fyrirtækisins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Hitaveitu Egilsstaða og Fella staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 25. febrúar 2019

Í stjórn fyrirtækisins:


Ólafur Þorsteinsson
Ólafur Þorsteinsson
Jón Steinn Guðjónsson Mýrdal
Ebjörg Þorjónsdóttir
Guðmúndur Fugvarðdóttir

Framkvæmdastjóri:


Páll B. Pálma

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. („félagið“) fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 25. febrúar 2019

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur:			
Vatnssala		173.669.548	156.772.311
Álögð vatnsgjöld		82.554.658	82.078.348
Álögð fráveitugjöld		122.900.842	118.402.881
Fastagjöld		23.240.852	22.915.998
Aðrar tekjur		8.505.282	20.743.652
	2a	410.871.182	400.913.190
Rekstrargjöld:			
Laun og launtengd gjöld	4	67.646.255	59.164.497
Rekstur veitukerfa		80.711.258	69.377.696
Annar rekstrarkostnaður		38.409.085	31.970.124
		186.766.598	160.512.317
Rekstrarhagnaður án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda		224.104.584	240.400.873
Afskriftir	7	(83.335.092)	(79.635.262)
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		140.769.492	160.765.611
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	5	(72.655.183)	(49.384.866)
Áhrif hlutdeildarfélags		0	(3.477.447)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		68.114.309	107.903.298
Tekjuskattur ársins	2h, 10	(7.223.390)	(10.640.131)
Hagnaður ársins	12	60.890.919	97.263.167

Efnahagsreikningur

Eignir		Skýr.	2018	2017
Fastafjármunir:				
Óefnislegar eignir:				
Vatnsréttindi	2d, 6		8.359.143	8.663.817
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Vatnsveitukerfi			436.838.158	426.315.033
Fráveitukerfi			281.850.708	268.099.944
Borholur og dreifikerfi hitaveitu			1.039.795.162	1.016.484.354
Kyndistöð, áhöld og búnaður			68.016.080	65.714.600
Leigðar eignir, hreinsivirki fráveitu			86.138.138	99.280.128
	2f, 7		1.912.638.246	1.875.894.059
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Tekjuskattseign	2h, 10		0	3.228.939
Fyrirframgreiðsla til Brúar Lífeyrissjóðs	16		16.732.131	0
			16.732.131	3.228.939
		Fastafjármunir	1.937.729.520	1.887.786.815
Veltufjármunir:				
Skammtímakröfur:				
Viðskiptakröfur	2j, 11		42.983.799	22.653.062
Kröfur á tengda aðila			8.618.767	3.909.895
Aðrar skammtímakröfur			2.962.684	3.691.147
Handbært fé	2k		46.444.350	70.555.627
		Veltufjármunir	101.009.600	100.809.731
		Eignir samtals	<u>2.038.739.120</u>	<u>1.988.596.546</u>

31. desember 2018

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2018	2017
Eigið fé:			
Hlutafé		433.306.421	433.306.421
Lögbundinn varasjóður		44.101.281	38.012.189
Óráðstafað eigið fé		346.065.724	291.263.897
Eigið fé	12	<u>823.473.426</u>	<u>762.582.507</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir	13	764.728.557	794.804.120
Leiguskuldir	14	154.211.527	178.941.128
Fyrirframinnheimtar tekjur	15	148.903.112	117.703.641
Tekjuskattsskuldbinding	2h, 10	3.994.451	0
		<u>1.071.837.647</u>	<u>1.091.448.889</u>
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborganir langtímaskulda	13	60.620.089	62.489.593
Næsta árs afborganir leiguskulda	14	29.753.700	27.650.381
Næsta árs innlausn fyrirframinnheimtra tekna	15	4.625.344	3.557.658
Viðskiptaskuldir		32.403.235	14.527.076
Ógreidd framlög vegna uppgjors A deildar Brúar lífeyrissjóðs	16	0	7.636.312
Aðrar skammtímaskuldir		16.025.679	18.704.130
		<u>143.428.047</u>	<u>134.565.150</u>
Skuldir samtals		<u>1.215.265.694</u>	<u>1.226.014.039</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.038.739.120</u>	<u>1.988.596.546</u>

Sjóðstreymisyfirlit 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		60.890.919	97.263.167
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	83.335.092	79.635.262
Verðbætur og gengismunur		32.665.650	3.429.117
Áhrif hlutdeildarfélags		0	3.477.447
Frestaður tekjuskattur, breyting		7.223.390	10.640.131
		<u>184.115.051</u>	<u>194.445.124</u>
		Veltufé frá rekstri	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímafröfur, (hækkun) lækkun		(24.311.146)	5.522.087
Skammtímaskuldir, hækkun		7.561.394	1.366.323
Fyrirframinnheimtar tekjur, hækkun (lækkun)		32.267.157	(3.557.658)
Fyrirframinngreiddur kostnaður, hækkun		(16.732.131)	0
Verðbréfeign, breyting		0	103.423
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(1.214.726)</u>	<u>3.434.175</u>
		<u>182.900.325</u>	<u>197.879.299</u>
		Handbært fé frá rekstri	
Fjárfestingarhreyfingar:			
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, hitaveita	7	(64.396.658)	(81.268.767)
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, vatnsveita	7	(24.844.885)	(11.693.220)
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, fráveita	7	(30.533.060)	(29.374.095)
		<u>(119.774.603)</u>	<u>(122.336.082)</u>
		Fjárfestingarhreyfingar	
Fjármögnunarhreyfingar:			
Afborganir langtímalána		(58.837.350)	(58.213.157)
Afborganir leiguskulda		(28.399.649)	(27.507.045)
		<u>(87.236.999)</u>	<u>(85.720.202)</u>
		Fjármögnunarhreyfingar	
Lækkun á handbæru fé		(24.111.277)	(10.176.985)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>70.555.627</u>	<u>80.732.612</u>
Handbært fé í árslok		<u>46.444.350</u>	<u>70.555.627</u>
Aðrar upplýsingar:			
Greiddur fjármagnskostnaður		42.829.742	49.100.721

Skýringar

1. Grundvöllur reikningssskilanna

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningssskilum og er gerður eftir sömu reikningssskilaaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningssskilaaðferðir

a. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á heitu vatni eru færðar í rekstrarreikningi við útgáfu reiknings. Vatns- og holræsagjöld er færð til tekna við álagningu. Tengigjöld eru færð í rekstrarreikningi við útgáfu reiknings ef um óverulega fjárhæð er að ræða en annars eru tengigjöld færð sem fyrirframinnheimtar tekjur og innleystar á nýtingartíma dreifkerfis. Aðrar tekjur eru færðar í rekstrarreikningi við afhendingu vöru og þjónustu til kaupanda.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Óefnislegar eignir

Vatnsréttindi veitunnar eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnislegar eignir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

e. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru sérhæfð hreinsivirki í fráveitu sem félagið leigir til sín samkvæmt langtímaleigusamningi. Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á rekstrarfjármunum í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Eftir að eignirnar eru teknar í notkun eru vaxtagjöld færð til gjalda í rekstrarreikningi.

f. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Stofnæðar og dreifikerfi hitaveitu.....	25-40 ár
Dælustöðvar, kyndistöð og fasteignir	25 ár
Borholur hitaveitu	20-33 ár
Vatnsveitukerfi.....	25-40 ár
Fráveitukerfi.....	25 ár
Bifreiðar, áhöld og búnaður.....	3-5 ár

g. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Hreinsivirki fráveitu.....	20 ár
----------------------------	-------

Skýringar, frh.:

h. Tekjuskattsinneign/Tekjuskattsskuldbinding

Hitaveituhluti félagsins fellur undir tekjuskattskylda starfsemi samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 en vatnsveitu- og fráveitustarfsemi undanþegin.

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörssdegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

i. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörss A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

j. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

k. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Skýringar, frh.:

3. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
2018				
Rekstrartekjur	195.968.890	91.523.489	123.378.803	410.871.182
Rekstrargjöld án afskrifta	80.698.178	37.203.470	68.864.952	186.766.598
Hagnaður EBITDA	115.270.712	54.320.019	54.513.851	224.104.584
Afskriftir	(38.839.045)	(14.571.760)	(29.924.287)	(83.335.092)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(40.331.818)	(18.520.449)	(13.802.916)	(72.655.183)
Tekjuskattur	(7.223.390)	0	0	(7.223.390)
Hagnaður ársins	28.876.459	21.227.810	10.786.648	60.890.919
Eignir starfspáttá	1.226.537.116	444.213.158	367.988.846	2.038.739.120
Skuldir starfspáttá	784.973.543	220.425.317	209.866.834	1.215.265.694
Eigið fé starfspáttá	441.563.573	223.787.841	158.122.012	823.473.426
Veltufé frá rekstri	91.722.620	45.908.129	46.484.302	184.115.051
Fjárfestingahreyfingar	64.396.658	24.844.885	30.533.060	119.774.603
Fjármögnunarhreyfingar	(30.832.632)	(30.890.900)	(25.513.467)	(87.236.999)
	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
2017				
Rekstrartekjur	190.928.472	90.823.837	119.160.881	400.913.190
Rekstrargjöld	71.669.188	28.842.090	60.001.039	160.512.317
Hagnaður EBITDA	119.259.284	61.981.747	59.159.842	240.400.873
Afskriftir	(37.077.876)	(13.969.204)	(28.588.182)	(79.635.262)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(28.997.550)	(8.285.306)	(12.102.010)	(49.384.866)
Tekjuskattur	(10.640.131)	0	0	(10.640.131)
Áhrif hlutdeildarfélags	(3.477.447)	0	0	(3.477.447)
Hagnaður (tap) ársins	39.066.280	39.727.237	18.469.650	97.263.167
Eignir starfspáttá	1.187.276.441	433.940.033	367.380.072	1.988.596.546
Skuldir starfspáttá	774.589.328	231.380.003	220.044.708	1.226.014.039
Eigið fé starfspáttá	412.687.113	202.560.030	147.335.364	762.582.507
Veltufé frá rekstri	90.589.130	53.298.568	50.557.426	194.445.124
Fjárfestingahreyfingar	81.268.767	11.693.220	29.374.095	122.336.082
Fjármögnunarhreyfingar	(17.496.034)	(44.172.266)	(24.051.902)	(85.720.202)

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins greinast þannig:

	2018	2017
Laun	64.619.484	51.306.757
Áunnið orlof, breyting	(2.014.954)	1.016.483
Launatengd gjöld	15.382.603	12.404.945
Framlög vegna uppgjör A deildar Brúar lífeyrissjóðs (skýring 16)	642.872	7.636.312
	78.630.005	72.364.497
Eignfærð laun og launatengd gjöld	(10.983.750)	(13.200.000)
Laun og launatengd gjöld samtals	67.646.255	59.164.497
Fjöldi starfsmanna í árslok	6	6

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu samtals 29,0 millj. kr. á árinu 2018.

Skýringar, frh.:

5. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2018	2017
Vaxtatekjur og verðbætur	1.649.455	1.968.257
Vaxtagjöld og verðbætur	(52.453.829)	(54.372.147)
Gengismunur	(21.850.809)	3.019.024
Hrein fjármagnsgjöld	(72.655.183)	(49.384.866)

6. Óefnislegar eignir

Á eignaliðinn vatnsréttindi er færð fjárfesting í vatnsréttindum sem afskrifuð eru 40-50 árum. Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Vatnsréttindi hitaveitu	Vatnsréttindi vatnsveitu	Samtals
Bókfært verð 1.1.2018	1.038.817	7.625.000	8.663.817
Afskrifað á árinu	(54.674)	(250.000)	(304.674)
Bókfært verð 31.12.2018	984.143	7.375.000	8.359.143

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Kyndistöð, fasteign og búnaður	Borholur og dreifikerfi hitaveitu	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi	Samtals
Heildarverð 1.1.2018	110.957.319	1.781.395.803	672.886.465	570.296.672	3.135.536.259
Afskrifað áður	(45.242.719)	(764.911.449)	(246.571.432)	(302.196.728)	(1.358.922.328)
Bókfært verð 1.1.2018	65.714.600	1.016.484.354	426.315.033	268.099.944	1.776.613.931
Millifærð afskrift	(708.372)	708.372	0	0	0
Viðbót á árinu	7.041.250	57.355.408	24.844.885	30.533.060	119.774.603
Afskrifað á árinu	(4.031.399)	(34.752.973)	(14.321.760)	(16.782.296)	(69.888.428)
Bókfært verð 31.12.2018	68.016.080	1.039.795.162	436.838.158	281.850.708	1.826.500.106
Heildarverð 31.12.2018	117.998.569	1.838.751.211	697.731.350	600.829.732	3.255.310.862
Afskrifað samtals	(49.982.489)	(798.956.049)	(260.893.192)	(318.979.024)	(1.428.810.754)
Bókfært verð 31.12.2018	68.016.080	1.039.795.162	436.838.158	281.850.708	1.826.500.108

Afskriftahlutföll 4-33% 2,5-4% 2,5-4% 4%

Leigðar eignir greinast þannig:

Hreinsivirki í fráveitu 1.1.2018	99.280.128
Afskrifað á árinu	(13.141.990)
Bókfært verð 31.12.2018	86.138.138

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals 1.912.638.246

Afskriftahlutföll 5%

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, hitaveita	38.784.372
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, vatnsveita	14.321.760
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, fráveita	16.782.296
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, leigugeignir	13.141.990
Afskrift óefnislegra eigna, sbr. skýringu 6	304.674
Fært í rekstrarreikning	83.335.092

Skýringar, frh.:

8. Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat fasteigna félagsins var 84,5 millj. kr. og lóða 25,9 millj. kr., eða samtals 110,4 millj. kr. í árslok 2018. Á sama tíma nam brunabótamat fasteigna 290,6 millj. kr.

9. Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti hitaveitu 637,4 millj. kr. fyrir árið 2018, 441,1 millj. kr. fyrir vatnsveitu og 724,4 millj. kr. fyrir fráveitu.

10. Tekjuskattseign/Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattseign (tekjuskattsskuldbinding) félagsins greinist þannig:

Tekjuskattseign í ársbyrjun	3.228.939
Reiknaður tekjuskattur	(7.223.390)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	(3.994.451)

Tekjuskattseign félagsins skiptist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(9.028.584)
Viðskiptakröfur	3.487.336
Frestaður gengishagnaður	1.546.797
	(3.994.451)

11. Viðskiptakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2018	2017
Niðurfærsla í ársbyrjun	14.397.086	11.534.010
Breyting á niðurfærslu ársins	3.522.474	2.863.076
Niðurfærsla í árslok	17.919.560	14.397.086

12. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 31.12.2017	433.306.421	38.012.189	291.263.897	762.582.507
Hagnaður ársins			60.890.919	60.890.919
Framlag í lögbundinn varasjóð		6.089.092	(6.089.092)	0
Eigið fé 31.12.2018	433.306.421	44.101.281	346.065.724	823.473.426

Skýringar, frh.:

13. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggð lán, vextir 3,85-4,47% á gjalddögum til 2027	150.738.719
Óverðtryggð lán, vextir 5,73-5,75% á gjalddögum til 2036	428.511.056
Gengistryggð lán, vextir -0,65%-2,6% á gjalddögum til 2033	246.098.871

Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	825.348.646
Næsta árs afborganir	(60.620.089)

Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	764.728.557
---	-------------

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2018.

Lán eru öll tekin hjá innlendum fjármálastofnunum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	Skuldir í íslenskum kr.	Skuldir í erl. gjaldmiðlum	Samtals
Árið 2019	43.041.598	17.578.491	60.620.089
Árið 2020	43.243.760	17.578.491	60.822.251
Árið 2021	43.454.958	17.578.491	61.033.449
Árið 2022	43.675.597	17.578.491	61.254.088
Árið 2023	38.193.667	17.578.491	55.772.158
Síðar	367.640.195	158.206.416	525.846.611
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	579.249.775	246.098.871	825.348.646

14. Leiguskuldir

Félagið hefur gert leigusamninga um hreinsivirki, sem færðir eru til skuldar.

Samtals leiguskuld, þ.m.t. næsta árs afborgun	183.965.227
Næsta árs afborgun	(29.753.700)
Samtals langtímahluti leiguskulda	154.211.527

Aðrar upplýsingar um leigusamninga:

	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Núvirtar af- borganir alls
Hreinsivirki	2003-2027	4,15%	183.965.227

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur næstu ára greinast þannig:

Árið 2019	49.959.081
Árið 2020	49.959.081
Árið 2021	49.959.081
Árið 2022	49.959.081
Árið 2023	42.648.928
Síðar	39.286.262
Samtals	281.771.514

Greiðslur vegna leigusamninga námu á árinu 2018 50,0 millj. kr.

Skýringar, frh.:

15. Fyrirframinnheimtar tekjur

Tekjur af tengigjöldum vegna nýframkvæmda námu á árinu 36,9 millj. kr. Almennt hefur verið miðað við að fari tengigjöld umfram 5% af heildartekjum séu þau færð til tekna á nýtingartíma dreifikerfisins og því er tengigjöldum ársins dreift á afskriftartíma dreifikerfanna. Í árslok nema fyrirframinnheimtar tekjur vegna tengigjalda 152,9 millj. kr. og er áætlað að færa umrædd tengigjöld hitaveitu og vatnsveitu til tekna á 40 árum en á 25 árum vegna fráveitu.

Þá eru færðar sem fyrirframinnheimtar tekjur leiga sem Rarik greiddi HEF vegna húsnæðis við Urriðavatn, samtals að fjárhæð 0,6 millj. kr. Sú fjárhæð færist til tekna á næstu 6 árum.

Tekjur að fjárhæð 153,5 millj. kr. eru færðar til skuldar sem fyrirframinnheimtar tekjur í árslok 2018. Þar af færast 4,6 millj. kr. meðal skammtímaskulda sem næsta árs innlausn, sem þýðir að sú fjárhæð færist til tekna á árinu 2019.

16. Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A-deildar

Þann 19. september 2016 gerðu Bandalag háskólanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, með sér samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Markmið samkomulagsins var að samræma lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði, að aldurstenging réttinda yrði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökualdur skyldi hækkaður til að stuðla að sjálfbærni kerfisins. Meðal breytinga sem samkomulagið tiltók var að ávinnsla lífeyrisréttinda í A-deildum LSR og Brúar yrði aldurstengd en ekki jöfn og lífeyristökualdur skyldi hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við framangreindar breytingar skyldu réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Í janúar 2018 samþykkti stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017. Samkomulagið fól í sér uppgjör á eftirfarandi fjárhæðum

- 7,3 millj. kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi - Gjaldfært að fullu á árinu 2017.

- 16,6 millj. kr. framlag í lífeyrisaukasjóðs til að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka - gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.

- 1,8 millj. kr. framlag í varúðarsjóðs sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð - gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2019 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Skýringar, frh.:

16. Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A-deildar, framhald

Gjaldfærslur vegna uppgjörns og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árunum 2017 og 2018:

	Jafnvægis- sjóður	Lífeyrisauka- sjóður	Varúðarsjóður	Samtals
Gjaldfært á árinu 2017.....	(7.261.303)	(322.901)	(52.108)	(7.636.312)
Skuld við Brú lífeyrissjóð 31.12.2017.....	(7.261.303)	(322.901)	(52.108)	(7.636.312)
Uppgjör við Brú lífeyrissjóð.....	7.261.303	16.606.326	1.786.558	25.654.187
Gjaldfært á árinu 2018.....	0	(553.544)	(89.328)	(642.872)
Staða fyrirframgreiðslu 31.12.2018.....	0	15.729.881	1.645.122	17.375.003

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldf., færð meðal veltufjármuna.....	0	553.544	89.328	642.872
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	0	15.176.337	1.555.794	16.732.131
Samtals í efnahagsreikningi.....	0	15.729.881	1.645.122	17.375.003

17. Áhættustjórnun

Áhætta vegna vaxta og gjaldmiðla tengist reglulegri starfsemi félagsins.

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins:

- Lánsáhætta
- Lausafjáraáhætta
- Markaðsáhætta.

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur en að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar eða að tryggingar viðskiptamanna nægja ekki til að mæta þeirra skuldbindingum.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

c. Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær falla til. Miðað við rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2018 má ætla að sjóðsflæði til félagsins standi að fullu fyrir skuldbindingum félagsins sem koma til greiðslu næstu 12 mánuði.

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga þess í fjármálagerningum.

Vaxtaáhætta

Vextir af óverðtryggðum lánum félagsins eru fljótandi. Vextir af verðtryggðum lánum félagsins eru festir að meðaltali í eitt ár.

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins verður til vegna lántöku sem er tengd öðrum gjaldmiðlum en krónum. Heildarskuldir félagsins sem eru háðar gengisáhættu námu í árslok 246,1 millj. kr. (2017: 240,5). Hluti fjárfestingareigna félagsins er fjármagnaður með erlendum lánum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru EUR, CHF, JPY, USD, GBP. Miðað við samsetningu lána í árslok hefði 10% veiking krónunnar um 24,7 millj. kr. áhrif á rekstrarreikning án tekjuskattsáhrifa.

Skýringar, frh.:

18. Kennitölur og yfirlit

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2018	2017	2016	2015	2014
Rekstur:					
Rekstrartekjur	410.871	400.913	386.898	368.720	354.826
Rekstrargjöld án afskrifta	(186.767)	(160.512)	(155.227)	(156.201)	(143.088)
Hagnaður fyrir afskriftir	224.104	240.401	231.671	212.519	211.738
Afskriftir	(83.335)	(79.635)	(77.922)	(86.191)	(76.574)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	140.769	160.766	153.749	126.328	135.164
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(72.655)	(49.385)	(13.926)	(55.180)	(58.921)
Áhrif hlutdeildarfélags		(3.477)	(1.913)	(874)	(939)
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	68.114	107.904	137.910	70.274	75.304
Tekjuskattur ársins	(7.223)	(10.640)	(1.398)	(9.327)	10.222
Hagnaður ársins	60.891	97.264	136.512	60.947	85.526
Efnahagur:					
Fastafjármunir	1.937.730	1.887.787	1.859.307	1.812.508	1.763.630
Veltufjármunir	101.010	100.810	116.509	151.139	142.897
Eignir samtals	2.038.740	1.988.597	1.975.816	1.963.647	1.906.527
Eigið fé	823.473	762.583	665.319	528.807	467.860
Langtímaskuldir	1.071.838	1.091.449	1.181.963	1.308.033	1.314.109
Skammtímaskuldir	143.428	134.565	128.533	126.806	124.558
Eigið fé og skuldir samtals	2.038.739	1.988.598	1.975.816	1.963.646	1.906.528
Helstu kennitölur:					
Meðal gjaldfrestur í dögum	42	22	27	38	29
Veltufé frá rekstri	184.115	194.445	180.400	158.619	156.078
Veltufjárhlutfall	0,70	0,75	0,91	1,19	1,15
Eiginfjárhlutfall	40,4%	38,3%	33,7%	26,9%	24,5%
Arðsemi eiginfjár	8,0%	14,6%	25,8%	13,0%	22,4%